

Nd.

528. Neindarállt

um frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Í frv. þessu eru dregin saman úr þrennum lögum ákvæði þau, sem nú gilda um bæjarstjórn í Hafnarfirði, þó þannig, að úr eru feld þau ákvæði, sem komin eru inn í önnur lög, t. d. lög um útsvör og um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Þá eru og brott feld þau ákvæði, sem ekki eru í samræmi við lagabreytingar, sem gerðar hafa verið síðan 1907, er Hafnarfjörður fjekk

kaupstaðarrjettindi. Að öðru leyti eru breytingar þær, sem frv. ráðgerir, mjög ó-  
verulegar og sýnast ekki athngaverðar að neinu leyti.

Nefndin leggur því til, að frv. sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1929.

Gunnar Sigurðsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Magnús Guðmundsson,
form.	fundaskrifari.	frsm.
Magnús Torfason.	Hákon J. Kristófersson.	